

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2019
1902067/0.4.1/adm/sh/pg

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 til umsagnar og fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið til hennar. Það er grundvallaratriði að til staðar sé skýr heilbrigðisstefna sem sátt er um í samfélaginu og að henni sé framfylgt með kerfisbundnum hætti. Landlæknir hefur mikinn skilning á að hér er einungis til umfjöllunar leiðarljós og skipulag heilbrigðisþjónustu í stórum dráttum. Mikilvægt er að í framhaldinu verði unnar leiðbeiningar um verkaskiptingu milli eininga heilbrigðiskerfisins sem og aðgerðaráætlanir um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Má þar nefna málefni aldraðra, heilabilaðra, geðsjúkra og þeirra sem þjást af langvinnum sjúkdómum, langveikra og fjölveikra, svo dæmi séu nefnd.

Inngangur stefnu

Ljóst er að framlögð stefna fjallar fyrst og fremst um heilbrigðisþjónustu þótt að í framtíðarsýn sé einnig minnst á lýðheilsustarf, það er heilsuefningu og forvarnir. Mikilvægt er einmitt að leggja áherslu á að góð heilsa er verkefni samfélagsins alls, ekki einungis heilbrigðisþjónustunnar. Þannig skipta félags- og efnahagslegir þættir miklu sem og samspil einstaklings og samfélags við að sinna svokölluðum áhrifaþáttum heilbrigðis. Huga þarf að „heilsu í allar stefnur“. Í gildi er Lýðheilsustefna til ársins 2030. Mikilvægt er að uppfæra þá stefnu og þannig að fari vel saman með heilbrigðisstefnu.

Í framtíðarsýn er einnig rætt um árangur, gæði, öryggi, aðgengi og kostnað. Þarna mætti setja inn að höfuðáhersla ætti að vera á að hámarka virði þjónustunnar en virði er jafnt og árangur deilt með kostnaði (virði = árangur/kostnaður).

Í heilbrigðisstefnu ætti einnig að koma fram að henni sé ætlað að tryggja heilbrigðisöryggi landsmanna í samræmi við stefnu þjóðaröryggisráðs, almannavarna- og öryggismálaráðs og alþjóðlegra skuldbindingar.

Mikilvægt er að allar ákvarðanir sem teknar eru um heilbrigðisþjónustu byggji á vönduðum gögnum. Stefnumið og aðgerðir til þess að efla heilsu og heilbrigðisþjónustu þurfa traustan þekkingargrunn og innleiðing heilbrigðisstefnu á Íslandi krefst þess að þekkingargrunnur varðandi aðgerðir á þessu sviði sé eflur. Stjórnvöld þurfa traustar og tímanlegar upplýsingar um heilsu og vellíðan, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og árangur og gæði þjónustunnar.

Heilbrigðisupplýsingar og heilbrigðisrannsóknir eru þannig nauðsynlegur þáttur í því að setja stefnu, innleiða og meta framgang hennar. Á Íslandi eru ýmsar áskoranir varðandi það að tryggja viðeigandi heilbrigðisupplýsingar fyrir innleiðingu þessarar stefnu. Hjá Embætti landlæknis hefur verið byggð upp miðstöð heilbrigðisupplýsinga sem sér um rekstur heilbrigðisskráa, greiningu og upplýsingamiðlun og einnig miðlun gagna til vísindarannsókna. Gögn, gagnagreining og upplýsingamiðlun er samt sem áður að einhverju leyti dreift á milli stofnana, upplýsingar er ófullkomnar á ýmsum sviðum og stundum erfitt að nálgast þær.

Styrking innviða varðandi heilbrigðisupplýsingar og rannsóknir er skynsamleg, stuðlar að breytingum og endurbótum á heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu og er nauðsynleg til þess að fylgjast með framgangi heilbrigðisstefnunnar. Taka mætti sérstaklega á þessum þáttum í framkvæmd stefnunnar. Tryggja þarf að þekkingarsköpun sé í samræmi við forgangsröðun í heilbrigðisstefnunni hvort sem sú þekkingarsköpun byggir á gagnagreiningu stjórnsýslustofnana eða vísindarannsóknum á sviði heilbrigðisþjónustu og annarra heilbrigðisvísindarannsókna. Tilgreina þarf að sett verði mælanleg markmið, hvaða stofnun/stofnanir beri ábyrgð á mælingum og hvernig niðurstöður reglubundinna mælinga verði nýttar til þess að aðlaga stefnumið og meðfylgjandi aðgerðir.

Athugasemdir við einstök atriði

1. Forysta til árangurs. Í lið 4 er talað um að almenn sátt þurfi að ríkja um siðferðilegar meginreglur. Æskilegt væri að þær yrðu skilgreindar og það með víðtæku samráði.
2. Rétt þjónusta á réttum stað. Liður 5: nefna þarf að heilsuefling er mál samfélagsins alls og þörf á samvinnu heilsugæslunnar/heilbrigðisþjónustunnar við önnur svið samfélagsins ekki síst það sem lýtur að heilsueflandi samfélagi. Liður 7. Ekki er nóg að efla sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni með fjarheilbrigðisþjónustu og sjúkraflutningum. Það ætti að jafna með staðbundinni þjónustu sérfræðinga, í samvinnu við Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri eða aðra aðila eftir atvikum. Kveða mætti heldur fastar að orði um uppbyggingu sjúkraflutninga. Þá ætti, þegar rætt er um þjónustustig, að nefna mikilvægi heilsueflingar, heimaþjónustu, heimahjúkrunar, dagþjónustu, göngudeildarþjónustu og allra þeirra úrræða sem gera sjúklingum kleift að vera sem lengst heima hjá sér.
3. Fólkið í forgrunni. Í lið 4 mætti bæta við að heilbrigðisstofnanir verði eftirsóttir og heilsueflandi vinnustaðir. Taka ætti fram að stefnt skuli að því að nýta sérfræðikunnáttu hverrar starfsstéttar á sam bestan hátt, t.d. með tilfærslu starfa. Ennfremur að allra leiða verði leitað til að tryggja öryggi heilbrigðisstarfsmanna.
4. Virkir notendur. Í lið 1 þurfti að nefna heilsulæsi og samvinnu við skólakerfið til þess að hún megi verða sem best. Þá ætti að nefna að notendur geti skráð ákveðnar óskir sínar inn í sjúkraskrákerfið/Heilsuveru eins og t.d. Lífsskrá.
5. Skilvirk þjónustukaup. Leiðarljós kaupa á þjónustu ættu að vera að sem mest virði (=árangur/kostnaður) fáist. Liður 2, taka skal fram að þjónusta skuli byggð á gagnreyndri þekkingu og klínískum leiðbeiningum eins og framast er unnt. Liður 3, setja þyrfti fram leiðarljós um forgangsröðun líkt og rætt er um siðferðilegar meginreglur hér að ofan.
6. Gæði í fyrirrúmi. Mikilvægt er að taka fram að fræðsla um gæði og gæðastarf verði samofið menntun og starfi heilbrigðisstétta.

7. Hugsað til framtíðar. Liður 7. Mikilvægt er að hlúa að framhaldsmenntun lækna héraendis og stefna að því að boðið verði upp á fyrrihlutanám/fullt nám eftir því sem geta er talin til.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Embættis landlæknis,



Alma D. Möller
landlæknir